

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á áður staðfestu aðalskipulagi fyrir Reykjavíkurborg.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 18. júní 1976 staðfest breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkurborgar, að því er varðar eftirfarandi:

Í stað útivistarsvæðis, skuli gert ráð fyrir opinberri byggingu á lóðinni Langa-hlíð nr. 3.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. júní 1976.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Skúli Sigurðsson.*

## SAMÞYKKT

### um hundahald í Raufarhafnarhreppi.

#### 1. gr.

Hundahald er bannað í Raufarhafnarhreppi.

#### 2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita einstaklingum búsettum í sveitarfélaginu undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal greiða í sveitarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem hreppsnefnd ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í sveitarfélaginu og skal upphæðin við það miðuð. Gjaldið skal greitt við skráningu fyrir eitt ár í senn og síðan fyrirfram árlega.
- c) Skytt er hund eiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingafélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds, skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Bannað er að fara með hunda inn á leikvelli, skóla, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e) Hund eiganda ber að hlýta að öðru leyti reglum um hundahald (þ. m. t. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts) svo og fyrirmælum, er heilbrigðisnefnd setur.

#### 3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir sé um minniháttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Hreppsnefnd er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.